

Mál nr. 248/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

### Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. ágúst 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 22. september 2022.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M sem var starfsmaður sveitarfélagsins X féll fyrir utan vinnustað sinn þann 21. október 2017. Hellur á göngustíg við vinnustaðinn reyndust vera skakkar og ójafnar og var jarðvegur undir þeim siginn, þannig að holrúm hafði myndast undir sumum hellum. Hafði M stigið á gangstéttarhellu sem reyndist laus og valt undan með þeim afleiðingum að M missti jafnvægið og missteig sig illa. Hlaut M við þetta varanlegan áverka á hné. Samkvæmt upplýsingum frá þáverandi húsverði fasteignanna var þessi göngustígur hellulagður vorið 2014 af starfsmönnum X. Nokkrum mánuðum síðar hafi verið ekið yfir hellurnar á stórum lyftara og eftir það hafi þær ætíð verið ójafnar, þrátt fyrir tilraunir húsvarðar til lagfæringa. Hafi húsvörðurinn tilkynnt bæði sínum yfirmanni og starfsmönnum áhaldahúss X um óforsvaranlegt ástand stéttarinnar, enda hafi hann fengið ítrekaðar ábendingar og kvartanir frá starfsfólki sundlaugarinnar vegna þess. M kveðst ásamt öðrum samstarfsmönnum hafa gert athugasemdir við ástand göngustígsins.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á slysinu í fyrsta lagi þar sem X beri ábyrgð á aðbúnaði og aðkomu að byggingum þar sem sveitarfélagið rekur þjónustu sína. Ítrekað höfðu verið gerðar athugasemdir við starfsmenn bæjarins og var þeim því kunnugt um ástand stéttarinnar og slyshættu sem af henni stafaði. Í öðru lagi byggir M á því að X hafi brugðist skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 46/1980, að tryggja fullnægjandi öryggi starfsmanna sinna og aðbúnað á vinnustað. Skylda vinnuveitanda til að tryggja öruggar umferðarleiðir nái til vinnustaðarins jafn innan og utan. Hafnar M því að slysið verði takið til aðgæsluleysis hennar sjálfar. Vísar M til fjölmargra dóma máli sínu til stuðnings.

V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að atvikið sé ekki að rekja til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi X, starfsmanna hans eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Um hafi verið að ræða samspil óhappatilviks og hugsanlegrar eigin óaðgæslu M þegar hún gekk eftir göngustíg sem hún vissi að væri ójafn. Varðandi vitnisburði sem liggja fyrir í málinu áréttar V að mikil tengsl eru á milli vitna og M. Telur V vitnisburð fyrrverandi húsvarðar ómarktækan þar sem það hafi verið í hans verkahring að laga göngustíginn. Það skjóti því skökku við að hann kvarti yfir honum. Þrátt fyrir frásagnir vitna um að hafa tilkynnt um ástand göngustígsins þá búrast slíkar tilkynningar aldrei til skrifstofu X. Vísar V einnig til þess að M hafði starfað hjá X í tólf ár og þekkti því svæðið inn og út. Það ætti því ekki að vera neitt þar sem hefði getað komið M á óvart.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort tjón M megi rekja til saknæmra athafna eða athafnaleysis af hálfu X eða starfsmanna þess, þannig að bótaskylda stofnist úr ábyrgðartryggingu. Það hvílir á M að sýna fram á að svo hafi verið. Í málinu hafa verið lagðar fram þrjár myndir sem teknar voru af göngustígnum í ágúst 2017, sumarið 2018 og svo í janúar 2019. Af öllum þeim myndum má sjá að hellur stígsins voru skakkar. Af gögnum málsins og þá sérstaklega af framburði vitna verður ekki annað ráðið en að starfsmenn X sem báru ábyrgð á umræddum göngustíg hafi verið meðvitaðir um ástand stígsins fyrir slysið. Hefur húsvörður fasteigna sem m.a. bar ábyrgð á að laga stíginn staðfest það í framburði sínum dags. 22. janúar 2022. Hefur því sem þar kemur fram ekki verið hnekktt af hálfu X og verður því að líta svo á að X hafi ekki sýnt fram á að hafa gert nægar ráðstafanir til að takmarka slyshættu á stígnum. Hallann af þeim sönnunarskorti verður X að bera og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V. Þó hægt sé að meta þá háttsemi M til gáleysis að hafa ekki gætt nægjanlega að sér á göngustígnum sem hún vissi að væri ekki í lagi, verður sú háttsemi M ekki metin til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Verður bótaréttur M því ekki skertur vegna

hennar eigin háttsemi. Á M því rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 1. nóvember 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir